

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar
nr. 112 8. maí 1972.

1. gr.

1. liður B-kafla 24. gr. um framtalsnefnd færist í A-kafla og verði nr. 14.

2. gr.

6. liður B-kafla 24. gr. orðist þannig: Fimm menn í bókasafnsstjórn og fimm til vara.

3. gr.

7. liður B-kafla 24. gr. færist í A-kafla og verði nr. 15. Liðurinn orðist þannig: Fimm menn í stjórn heilsuverndarstöðvar Kópavogs og fimm til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni einn fulltrúi tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu og einn fulltrúi tilnefndur af sjúkrasamlagi Kópavogs. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar.

4. gr.

17. liður B-kafla 24. gr. um lista- og menningarsjóð færist í A-kafla og verði nr. 16.

5. gr.

18. liður B-kafla 24. gr. um umferðarnefnd færist í A-kafla og verði nr. 17. Liðurinn orðist þannig: Fimm menn í umferðarnefnd og fimm til vara. Rétt til setu á fundum nefndarinnar hafa bæjarfógeti og bæjarverkfræðingur með mál-frelsi og tillögurétti.

6. gr.

19. liður B-kafla 24. gr. um atvinnuefningarsjóð færist í A-kafla og verði nr. 18.

Númer annarra liða í B-kafla breytast í samræmi við framangreindar breytingar og verða 1—14.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur sam-ið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.